

- 2.4. Frárennslislögn frá eldiskerjum sé leidd setþró. Rúmmál setþróarinnar skal vera nægilegt til að taka við sem næst 10 mín. rennsli frá stöðinni. Setþróin er skeifulaga u.þ.b. 566 m² að flatarmáli og 1.5 m á dýpt. Við inntak og við útfall er þróin úr steinsteypu og þannig gerð að hægt er að hleypa frárennsli stöðvarinnar framhjá þrónni við hreinsun.
- 2.5. Frágangur frárennslisleiðslu frá setþrónni í Brunná skal vera snyrtilegur og útrás ekki vera til lýta eða mengunar (sbr. 2.2.).
- 2.6. Stöðinni er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olúúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið eða berist í grunnvatn. Mengunarvarnabúnaður skal vera samþykktur af Hollustuvernd ríkisins.
- 2.7. Stöðinni er skylt að sjá um að hindraður sé aðgangur vargfugls að úrgangi stöðvarinnar.

3. Gjaldskrá.

- 3.1. Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gjaldskrá nr. 355/1986 með síðari breytingum. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.
- 3.2. Eftirlit þetta er með tvennum hætti: Annars vegar beint eftirlit sjálfs fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur og hins vegar eftirlit Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins í samræmi við gjaldskrá vegna starfsleyfis skyldra fyrirtækja. Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka samkvæmt gjaldskránni.
Fiskeldissstöð Silfurstjörnnunnar hf., í landi Núps, flokkast í 2. flokk frá árinu 1990. Eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins verður samkvæmt 3. grein gjaldskrár vegna starfsleyfis skyldra fyrirtækja nr. 355/1986.

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin lokun miðeyju á Snorrabraut við Njálsgötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. mars 1980.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 15. mars 1990.

Böðvar Bragason.